

fá því eigi staðist og geta á engan hátt hnekkst nákvæmum hornmælingum yfirmanna varðbátsins.

Þá hefir kærður og haldið því fram, að skygni hafi eigi verið svo gott er hornmælingarnar voru gerðar, að hægt hafi verið að sjá nægilega vel staði þá er mælt var frá. Þessu hafa skipstjóri og stýrimaður varðbátsins eindregið mótmælt. Og þar sem ekkert það hefir framkomið í málinu er hnekki eiðfestri skýrslu og mælingum yfirmanna varðbátsins, verður að teljast fullsannað, að kærður hafi verið að botnvörpuveiðum í landhelgi er varðbáturinn kom að honum.

Kærður hefir ekki áður sætt refsingu fyrir brot á fiskiveiðalöggjöfinni. Kærður hefir því að áliti réttarins brotið gegn ákvæðum 1. greinar laga nr. 5, frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, og þykir refsing sú er hann hefir tilunnið fyrir það eftir 3. gr. nefndra laga sbr. 1. gr. laga nr. 4 frá 1924 hæfilega ákveðin 20500 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands, með tilliti til gengi íslenzkrar krónu, sem nú er þannig að hún jafngildir 49.13 aurum gulls, og komi í stað sektarinnar 8 mánaða einfalt fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í b/v. Fifinella G. Y. 1038 séu upptæk og renni andvirðið í sama sjóð og sektin. Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Miðvikudaginn 4. dez. 1935.

Nr. 105/1935. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Sigurjóni Guðjónssyni

(Pétur Magnússon).

Sýknun af kæru fyrir brot á lögum nr. 1 frá 1935.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 20. ágúst 1935: Kærður, Sigurjón Guðjónsson, sæti 100 króna sekt til verðjöfnunarsjóðs verðjöfnunarsvæðis Reykjavíkur.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 10 daga.

Hinn óleyfilega flutti rjómi sé upptækur og renni andvirðið í verðjöfnunarsjóð verðjöfnunarsvæðis Reykjavíkur.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt rannsókn málsins virðist mega gera ráð fyrir því, að kærði hafi ekki átt sjálfur mjólkurvöru þá, er hann flutti í bifreið sinni, þegar hún var stöðvuð af lögreglunni úr Reykjavík þann 15. ágúst þ. á., og kemur því aðeins til álita, hvort hann hafi í máli þessu gerzt brotlegur við 3. málsg. 15. gr. laga nr. 1/1935. Eftir þessu ákvæði varðar stjórnanda flutningatækis það refsingu, ef hann flytur vísitandi óleyfilega mjólk eða mjólkurvöru „inn á sölusvæði“. Það sölusvæði, er hér skiptir máli, er Reykjavík. Eftir því sem fram er komið í málinu, þykir mega telja víst, að kærði hafi áður nefndan dag verið stöðvaður fyrir utan lögsagnarumdæmi Reykjavíkur og því utan við sölusvæðið. Og er refsiskilyrði 8. málsg. 15. gr. laga nr. 1/1935 um flutning mjólkur inn á sölusvæðið því ekki fullnægt. Verður því þegar af þessari ástæðu að sýkna kærða í máli þessu af kærum valdstjórnarinnar.

Eftir þessum málalokum ber að greiða allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Sigurjón Guðjónsson, á að vera sýkn af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu. Allur

sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Stefáns Jóh. Stefánssonar og Péturs Magnússonar, 60 krónur til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Sigurjón Guðjónssyni, bifreiðarstjóra, til heimilis Efra Seli í Hrunamannahreppi fyrir brot gegn lögum um sölu mjólkur og rjóma nr. 1, 1935.

Fimmtudaginn 15. þ. m. var kærður stöðvaður af Sigurði Gíslasyni, lögregluþjóni, þar sem hann var á leið til bæjarins á bifreið sinni Á. R. 74. Spurði lögregluþjónninn kærðan, hvort hann hefði mjólk eða rjóma meðferðis, en hann neitaði í fyrstu. Við leit lögregluþjónsins fundust þó 4 brúsar með rjóma, ca. 28 lítrar faldir í byrgi er gert hafði verið undir palli bifreiðarinnar.

Fyrir réttinum viðurkenndi kærði að hafa tekið umræddan rjóma til flutnings frá 3 bæjum og gerði þá grein fyrir honum að nokkuð hefði átt að sendast til nafngreinds manns í Keflavík, en sumt hafði hann átt að reyna að selja ákveðnum manni hér í bæ upp í viðskipti.

Með framangreindum rjómaflutningi hefir kærður orðið sekur við 15. gr. 3. mgr. laga um sölu mjólkur og rjóma nr. 1, 1935. Þykir refsing hans, sem hinn 8. júlí s. l. var sektaður um 50 kr. fyrir samskonar brot, hæfilega ákveðin 100 króna sekt, er renni til verðjöfnunarsjóðs verðjöfnunarsvæðis Reykjavíkur. Sektin greiðist innan mánaðar, en afplánist ella með 10 daga einföldu fangelsi. Hinn óleyfilegi rjómi sé upptækur og renni andvirðið í verðjöfnunarsjóð. Kærði greiði og kostnað sakarinnar.

Á málinu hefir ekki orðið dráttur.